

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kirkjustétt 2-6 (leiðréttur texti, birt 17. desember 2018, nr. 1136/2018).

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 12. desember 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags Grafarholts, svæði 1-norðurhluti vegna lóðarinna nr. 2-6 við Kirkjustétt. Í breytingunni felst að útdragandi svalir, sem áður máttu ná 0,8 metra út fyrir byggingarreit, mega nú ná 1,0 metra út fyrir byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fossvogshverfi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. desember 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags Fossvogshverfis. Í breytingunni felst að skilgreina nýtingarhlutfall ofanjarðar og bæta við heimild til nýtingarhlutfalls ofanjarðar vegna B-rýma. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagata 26 og 30.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 4. janúar 2019, breytingu á deiliskipulagi reits 1.154.3, Barónsreits, vegna lóðanna nr. 26 og 30 við Skúlagötu. Í breytingunni felst m.a. að bílastæðaskilmálar íbúða breytast, byggingarreitur Skúlagötu 26 stækkar og að hluta almennra bílastæða á borgarlandi er breytt í rútustæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 8. janúar 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2019